



Stjórnarskrárfélagið

Fréttatilkynning

Stjórnarskrárfélagið hefur sent Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna bréf til að vekja athygli á vanefndum Alþingis í stjórnarskrármálinu. Málið varðar Mannréttindanefndina. Nefndin sendi frá sér álit 2007 með bindandi tilmælum til ríkisstjórnarinnar um að breyta fiskveiðistjórninni til að girða fyrir mismunun og um að greiða bætur sjómönnunum tveim, sem höfðuðu og unnu málið gegn íslenska ríkinu, þeim Erlingi Sveini Haraldssyni og Erni Snævari Sveinssyni. Mannréttindanefndin lét málið niður falla með bréfi 2012 með vísan til þess að, að ríkisstjórnin hefði í bréfi 2009 gefið fyrirheit um nýja stjórnarskrá með ákvæði um auðlindir í þjóðareigu.

Stjórnarskrárfélagið minnir á að ný stjórnarskrá var samþykkt með 67% atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 og ákvæði um auðlindir í þjóðareigu sérstaklega með 83% atkvæða. Í ljósi vanefnda Alþingis í stjórnarskrármálinu hvetur Stjórnarskrárfélagið Mannréttindanefndina til að taka málið upp aftur og ítreka fyrri bindandi tilmæli sín til ríkisstjórnarinnar um að breyta fiskveiðistjórninni.

Nánari upplýsingar gefur Lúðvík E. Kaaber

Netfang: lkaaber@centrum.is

Sími: 861-8304.

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna
Palais des Nations
CH-1211 GENEVE 10
SVISS

Reykjavík, 12. mars 2015.

Varðar: Álit samþykkt af Mannréttindanefnd 24. október 2007 í tilefni af kæru nr. 1306/2004.

Frá: Meðlimum Stjórnarskrárfélagsins, íslenskra félagssamtaka óháðum ríkisvaldi.

Háttvirtu viðtakandi.

Við viljum vekja athygli Mannréttindanefndar á misbresti þeim sem orðinn er á að Ísland virði það bindandi álit sem nefndin gaf út í október 2007 er hún lagði fyrir landið að nema úr fiskveiðistefnu sinni mismunandi og stjórnskipulega ólögmæta þætti og greiða skaðabætur sjómönnum tveimur sem leituðu til nefndarinnar með mál sitt. Við álitu Mannréttindanefndar var brugðist með bréfi Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands, dagsettu 6. júní 2008, þar sem hann gaf til kynna að ógerlegt gæti verið að byggja upp fiskveiðistjórnkerfi sem uppfyllir allar kröfur, þeirra á meðal virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti fyrir lögum. Í bréfi til nefndarinnar hinn 23. júní 2008, undirrituðu af prófessor Þorsteini Vilhjálmssyni o. fl. (kvittað fyrir móttöku af Noemie Crottaz 24. júní) var röksemdum ráðherrans mótmælt með því að benda á að fiskveiðistjórn er öldungis möguleg án slíkrar mismununar að brotið sé gegn mannréttindum, eins og grein er gerð fyrir í álitu nefndarinnar nr. 1306/2004.

Í febrúar 2009 staðfesti nýr sjávarútvegsráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, enn fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að ákveðið hefði verið að styrkja mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar með því að fella inn í hana að fiskveiðiauðlind Íslands tilheyrði fólkinu í landinu. Í bréfi dagsettu 29. maí 2012 tilkynnti Mannréttindaskrifstofa Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna ríkisstjórn Íslands að á 104. fundi hennar í mars 2012 hefði nefndin „ákveðið, í ljósi þeirra ráðstafana sem aðildarríkið hefur hingað til gert til framkvæmdar á álitu nefndarinnar, að athuga mál þetta ekki frekar samkvæmt málsmeðferð um eftirfylgni, og færa til bókar að framkvæmd álitsins væri að hluta til fullnægjandi.“

Við viljum vekja athygi nefndarinnar á að ríkisstjórn Íslands hefur ekki haldið loforð það sem hún veitti nefndinni. Ný stjórnarskrá var undirbúin árið 2011 af kjörinni stjórnlagasamkomu, og lagði Alþingi hana í þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 20. október 2012. Í atkvæðagreiðslunni samþykktu 67% kjósenda hina nýju stjórnarskrá, og enn fremur samþykktu 83% kjósenda sérstaklega eftirfarandi ákvæði um almannaeign á náttúruauðlindum, sem ætlað var að koma tilmælum Mannréttindanefndar í framkvæmd:

„Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo

sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns og virkjunarréttinda, jarðhita og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Við vekjum athygli Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á að til þessa hefur ríkisstjórn Íslands ekki sýnt nein merki um ásetning til að virða þann vilja kjósenda sem fram kom í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnskipunarlög árið 2012. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin lagt hina nýju stjórnarskrá á hilluna í freklegu afskiptaleysi af yfirgnæfandi niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Þannig hefur meginforsenda Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir ákvörðun hennar um „að athuga mál þetta ekki frekar samkvæmt málsmeðferð um eftirfylgni“ reynst röng.

Enn fremur viljum við vekja athygli Mannréttindanefndar á nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur (frá 4. júní 2012) í máli um réttindi til fiskveiða: „Aðildarríki eru ekki skuldbundin til að fara eftir álit nefndarinnar og nefndin hefur ekki heimildir til að grípa til úrræða til að fullnusta álit nefndarinnar fari viðkomandi ríki ekki eftir því. Þaðan af síður er álit nefndarinnar fordæmisgefandi fyrir íslenska dómstóla.“ Í meðferð sama máls (nr. 652/2012, 26. mars 2012), staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms og lét svo um mælt að “Ákvæði 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi og 6. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem ekki hafa öðlast lagagildi hér á landi, fá ekki breytt þessari niðurstöðu.“

Við hvetjum því nefndina til að endurskoða mál nr. 1306/2004 og stuðla þar með að því að ríkisstjórn Íslands láti af mannréttindabrotum sínum á sviði fiskveiðistjórnar.

Virðingarfyllst,

Hjörtur Hjartarson
sagnfræðingur og stjórnarmaður

Sigríður Ólafsdóttir
lífefnafræðingur og stjórnarmaður

Lúðvík E. Kaaber
fv. lögmaður og meðlimur

Sigurður Hr. Sigurðsson
hljóðtæknimaður og stjórnarmaður

Kristín Erna Arnardóttir
kvikmyndagerðarmaður og stjórnarmaður

Þorvaldur Gylfason
prófessor í hagfræði og meðlimur

Þórður Már Jónsson
lögmaður og meðlimur

Þórir Baldursson
tónskáld og stjórnarmaður

The United Nations High Commissioner for Human Rights
Palais des Nations
CH-1211 GENEVE 10
SWITZERLAND

Reykjavík, 12 March 2015.

Concerns: Views, adopted by the Human Rights Committee on 24 October 2007, concerning communication No. 1306/2004.

From: Members of the Constitutional Society, an Icelandic NGO

Dear Sirs/Madams.

We wish to call the attention of the Human Rights Committee to Iceland's failure to honor the binding opinion issued by the committee in October 2007 instructing Iceland to remove the discriminatory and unconstitutional element from its fisheries policy regime and to pay damages to the two fishermen who brought their case before the committee. The UNHRC opinion was addressed in a letter dated 6 June 2008 from Mr. Einar K. Gudfinnsson, Icelandic Minister of Fisheries and Agriculture, where he suggested that it may be impossible to construct a system of fisheries management that would meet all demands, including respect for human rights and equality before the law. A letter to the UNHRC dated 23 June 2008 and signed by Professor Thorsteinn Vilhjálmsson and others (receipt acknowledged by Noemie Crottaz 24 June) protested against the Minister's argument by pointing out that fisheries management is entirely feasible without discrimination among individuals that amounts to human rights violations as detailed in the UNHRC's opinion No. 1306/2004.

In February 2009, a new Minister of Fisheries, Mr. Steingrímur J. Sigfússon, reaffirmed on behalf of the Icelandic government that it had been decided to strengthen the human rights provisions in Iceland's constitution by adding a clause to the effect that Iceland's fish resources belong to the people. In a letter dated 29 May 2012, the UN Human Rights Office of the High Commissioner informed the government of Iceland that during its 104th session in March 2012 the committee had "decided, in light of the measures taken so far by the State part to give effect to the Committee's Views, not to examine the case further under the follow-up procedure, with a note of a partly satisfactory implementation of its recommendation."

We wish to call the UNHRC's attention to the fact that the government of Iceland has not kept the promise it gave to the UNHRC. A new constitution was prepared in 2011 by an elected Constituent Assembly, and was put by Parliament to a national referendum 20 October 2012. In the referendum, 67% of the voters accepted the new constitution and, moreover, 83% of the voters specifically accepted the following provision on public ownership of natural resources designed to implement the recommendation of the UNHRC:

"Iceland's natural resources which are not in private ownership are the common and perpetual property of the nation. No one may acquire the natural resources or their attached rights for ownership or permanent use, and they may never be sold or mortgaged. Resources under national ownership include resources such as harvestable fish stocks, other resources of the sea

and sea bed within Icelandic jurisdiction and sources of water rights and power development rights, geothermal energy and mining rights. National ownership of resources below a certain depth from the surface of the earth may be provided for by law. The utilization of the resources shall be guided by sustainable development and the public interest. Government authorities, together with those who utilize the resources, are responsible for their protection. On the basis of law, government authorities may grant permits for the use or utilization of resources or other limited public goods against full consideration and for a reasonable period of time. Such permits shall be granted on a non-discriminatory basis and shall never entail ownership or irrevocable control of the resources.”

We wish to call the attention of the UNHRC that the government of Iceland shows as yet no sign of its intention to respect the will of the electorate as expressed in the constitutional referendum of 2012. On the contrary, the Icelandic Parliament has put the new constitution on ice in a blatant disregard for the overwhelming outcome of the national referendum. Hence, the chief premise under which the UNHRC decided “not to examine the case further under the follow-up procedure” has proved false.

Further, we wish to call the attention of the UNHRC to a recent (4 June 2012) Reykjavík District Court ruling in a case concerning fishing rights: “The States Parties are not obliged to act upon the [United Nations Human Rights] Committee’s views and the Committee does not possess means to enforce them in case a State fails to do so. All the less do the Committee’s views constitute precedents for the courts of Iceland.” On hearing the same case [No. 652/2012, 26 March 2013], the Supreme Court of Iceland upheld the lower court’s ruling, stating that “The provisions of Article 26 of the International Covenant on Civil and Political Rights and Article 6 of the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights do not alter this conclusion.”

Therefore, we urge the Committee to re-examine the case No. 1306/2004 and thus encourage the government of Iceland to cease its practice of human rights violations in the field of fisheries policy.

With respect,

Hjörtur Hjartarson
Historian and Board Member

Sigríður Ólafsdóttir
Biochemist and Board Member

Lúðvík E. Kaaber
Barrister (Retd) and Member

Sigurður Hr. Sigurðsson
Sound Engineer and Board Member

Kristín Erna Arnardóttir
Film Producer and Board Member

Thorvaldur Gylfason
Professor of Economics and Member

Thórður Már Jónsson
Attorney at Law and Member

Thórir Baldursson
Composer and Board Member